

Aðstaða til félagsstarfs fyrir börn og ungmenni við Öxarfjörð

Tillaga:

Undirrituð leggur til að leitað verði leiða til að finna aðstöðu fyrir börn og ungmenni á skólasvæði Öxarfjarðarskóla og þá með húsnæði í eigu sveitarfélagsins á Kópaskeri í huga.

Greinargerð:

Síðan 2011 hefur engin mynd verið á starfi fyrir börn og ungmenni á skólasvæði Öxarfjarðarskóla og afar brýnt að leyst verði úr því hið fyrsta. Á Kópaskeri á sveitarfélagið nokkrar eignir sem skoða mætti undir slíka starfsemi og búið að er að finna áhugasaman aðila til að sinna þessu starfi. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er kveðið á um að sveitarfélög skuli starfrækja þjónustu við unglinga og m.a. standa að forvarnastarfi í málefnum þeirra sem miðar að því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir.

Hrund Ásgeirsdóttir
B lista